



Um hvað er þessi saga?

Áður en sagan er lesin skaltu setja þig í spor spámanns og spá fyrir um hvað sagan gæti fjallað. Þú færð bara þá vísbendingu að í sögunni koma fyrir orðin: *Sumardagur, leynigestur, varmenni*.

Fyrst skaltu svara þessum spurningum. (Já ég veit að þú veist ekki svörin en giskaðu bara!)

1. Hvað báðu krakkarnir Ragnheiði kórstjóra að gera á hverfishátíðinni?

2. Hvers vegna voru krakkarnir hrædd við Ugga?

3. Hvað gerði Anna Klara við forsetann?

Nú skaltu hlusta af athygli og athuga hvort þú svaraðir rétt!



Orðarýni

Veldu þér **6** af eftirfarandi orðum og orðasamböndum úr sögunni Hverfishátíðin og útskýrðu. Giskaðu fyrst á merkinguna og flettu henni síðan upp. Þú getur notað orðabók eða farið á www.snara.is.

fyrirmenni

rýndi

varmenni

dytta að













handlangari

síðdegis

bústin

filefildar

maríutásur

Orð	Ágiskun	Merking	Giskaðir þú rétt?
			 
			 
			 
			 
			 
			 



Teiknimyndasaga

Gerðu teiknimyndasögu upp úr sögunni *Hverfishátíðin*.



Gagnrýni

Skrifaðu gagnrýni á söguna Hverfishátíðin.

Gott er að byrja á stuttum inngangi. Þá getur þú notað eftirfarandi orðasambönd: *Mér fannst sagan Hverfishátíðin ... - Eftir að hafa hlustað á smásöguna Hverfishátíðin ... - Sagan Hverfishátíðin er ...*

Því næst bætir þú skoðun þinni við. Dæmi: *Ljómandi skemmtileg - ekki við mitt hæfi - spennandi - bráðfyndin saga - virkilega skemmtileg - ótrúleg saga*

Svo verður þú að rökstyðja. Hvers vegna? Hvað er það við söguna sem mótar skoðun þína?

Er það: - *Persónusköpunin - atburðarásin - efnistökin - sögu sviðið eða sögutími - stíll höfunda - orðnotkunin.*

Oft á tíðum hafa fleiri en einn þáttur áhrif á upplifun manns af sögu.

Að lokum er gott að enda gagnrýni á málsgrein sem dregur saman skoðun manns á sögunni,

Inngangur

Lokaorð



Viðtal

Taktu viðtal við annað hvort Knút eða Önnu Klöru.
Gættu þess að þau svari alltaf í heilum málsgreinum.

Spurning:

Svar:

Spurning:

Svar:

Spurning:

Svar:

Spurning:

Svar:

Spurning:

Svar:



Sköpun

Teiknaðu mynd af hátíðahöldunum á fótboltavellinum
þegar þau stóðu sem hæst.



Krossglíma

Kláraðu krossglímuna. Þú verður að nota orð úr sögunni og þau mega ekki byrja eða enda á bókstafnum sem er notaður í krossglímunni.

_____ H _____

_____ V _____

_____ E _____

_____ R _____

_____ F _____

_____ I _____

_____ S _____

_____ H _____

_____ Á _____

_____ T _____

_____ Í _____

_____ Ð _____

Hverfishátíðin

Gerður Kristný
Sögurýni



Hverfishátíðin mín

Skipuleggðu þína eigin hverfishátíð!

Staðsetning:

Fyrirmenni sem mæta:

Skemmtiatriði:

Matseðill:

Annað sem er alveg nauðsynlegt á hverfishátíðum:



Hugmyndir að stærri verkefnum

- ✓ Veggspjald ...
- ✓ Sjónvarpsauglýsing um hverfishátíðina ...
- ✓ Útvarpsauglýsing ...
- ✓ Auglýsingabæklingur um hverfishátíðina ...
- ✓ Stop Motion mynd af einu atriði sögunnar ...
- ✓ Sjónvarpsfrétt af hverfishátíðinni ...
- ✓ Líkan í skókassa ...
- ✓ Ljóð ...
- ✓ Leikþáttur ...
- ✓ Búa til spurningar og svarlausnir ...